

KLS - Fagjársfestasjóður

Árshlutareikningur 30. júní 2017

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Könnunaráritun óháðra endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sundurliðanir	7
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra


Árshlutareikningur sjóðsins KLS er hluti af B-hluta árshlutareiknings Stefnis hf. sem inniheldur árshlutareikning verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestastjóða rekstrarfélagsins. Hann er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Hagnaður 75 þús. krónur varð af rekstri sjóðsins á tímabilinu samkvæmt rekstrarreikningi. Hrein eign sjóðsins í júnílok 2017 nam 1.105 þús. króna samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri Stefnis hf. staðfesta hér með árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið janúar - júní 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. ágúst 2017.

Í stjórn félagsins:



Framkvæmdastjóri:



Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og eigenda hlutdeildarskírteina í KLS

Við höfum kannað meðfylgjandi árs hlutareikning KLS fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2017. Árs hlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árs hlutareikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árs hlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum sjóðsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, efnahag hans 30. júní 2017 og breytingu á hreinni eign sjóðsins á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Reykjavík, 21. ágúst 2017.

Deloitte ehf.


Páll Grétar Steingrímsson
endurskoðandi


Pétur Hansson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign á tímabilinu janúar - júní 2017

		1.1. -30.6. 2017	1.1. -30.6. 2016
	Skýr.		
Tekjur	2-7		
Vextir		200.781	204.905
Verðbætur		0	4.801
	Tekjur samtals	<u>200.781</u>	<u>209.706</u>
Gjöld			
Umsýsluþóknun rekstrarfélags	8	4.396	4.416
Vextir og verðbætur		196.310	205.224
	Gjöld samtals	<u>200.706</u>	<u>209.640</u>
Hreinar tekjur (gjöld)		75	66
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini		<u>75</u>	<u>66</u>
Hlutdeildarskírteini í ársbyrjun		1.030	896
Hlutdeildarskírteini í lok tímabilsins		<u>1.105</u>	<u>962</u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2017

		30.6.2017	31.12.2016
	Skýr.		
Eignir			
Fjárfestingar:			
Framseljanleg verðbréf		5.923.923	5.922.949
Fjárfestingar samtals	9	5.923.923	5.922.949
Aðrar eignir:			
Reiðufé	10	143	628
Aðrar eignir	12	279	422
Aðrar eignir samtals		422	1.050
Eignir samtals		5.924.345	5.923.999
Skuldir			
Útgefin skuldabréf		5.908.536	5.908.962
Skuld við rekstrarfélag		14.704	14.007
Skuldir samtals		5.923.240	5.922.969
Hrein eign í lok tímabilsins		1.105	1.030
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina (í þús.)		600	600
Gengi hlutdeildarskírteina í lok tímabilsins		1,84	1,72

Sundurliðanir

1. Hlutfallsleg skipting á eignasafni.

	Eignir 30.6.2017	Hlutf. %	Eignir 31.12.2016	Hlutf. %	Útgefandi
Önnur framseljanleg verðbréf:					
Lánssamningur við RA 5 ehf.	5.923.923	100,0	5.922.949	100,0	RA 5 ehf.
Önnur framseljanleg verðbréf, alls ...	5.923.923	100,0	5.922.949	100,0	
Fjárfestingar alls	5.923.923	100,0	5.922.949	100,0	
Reiðufé	143	0,0	628	0,0	
Aðrar eignir	279	0,0	422	0,0	
Eignir alls	5.924.345	100,0	5.923.999	100,0	

2. Samanburður við fjárfestingarstefnu.

	Virði 30.6.2017	Hlutf. af fjárfest. %	Virði 31.12.2016	Hlutf. af fjárfest. %	Fjárfestingarstefna %	
					Lágmark	Hámark
Lánssamningur við RA 5 ehf.	5.923.923	100,0	5.922.949	100,0	0	100
Innlán fjármálarfyrirtækja og reiðufé		0,0		0,0	0	100
Heildarverðmæti fjárfestinga	5.923.923	100,0	5.922.949	100,0		

3. Uppsöfnuð heildar kaup og heildarsala verðbréfa.

	Uppsöfnuð kaup 1.1.-30.6.2017	Uppsöfnuð sala 1.1.-30.6.2017	Uppsöfnuð kaup 2016	Uppsöfnuð sala 2016
Innleystar eignir	0	0	0	0
	0	0	0	0

4. Flokkun fjárfestinga eftir landsvæðum og myntum.

	Virði 30.6.2017	Hlutf. af fjárfest. %	Virði 31.12.2016	Hlutf. af fjárfest. %
Ísland ISK	5.923.923	100,0	5.922.949	100,0
	5.923.923	100,0	5.922.949	100,0

Sundurliðanir, frh.

5. Yfirlit yfir stærstu eignir.

	Eignir 30.6.2017	Eignir 31.12.2016	Breyting	Hlutfall br. af heildareign
Lánssamningur við RA 5 ehf.	5.923.923	5.922.949	975	0,0%
Stærstu eignir (2)	5.923.923	5.922.949	975	0,0%
Aðrar eignir	422	1.050	(628)	(0,0%)
Heildareignir	5.924.345	5.923.999	347	0,0%

6. Hrein eign og gengi.

	30.6.2017	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2014
Bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina	1.105	1.030	896	767
Kaupgengi hlutdeildarskírteina	1,84	1,72	1,49	1,28

7. Ávöxtun.

	30.6.2017	2016	2015	2014
Nafnávöxtun	7,26%	15,04%	16,74%	13,25%
Raunávöxtun	6,14%	12,68%	14,45%	12,09%

8. Útgefin skuldabréf.

Sjóðurinn gefur út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins á uppreiknuðu virði miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum og ógreiddum vöxtum.

Greiðslur af lánssamningum í júnílok 2017:

	Virði
Til greiðslu 2017	151.059
Til greiðslu 2018	129.554
Til greiðslu 2019	135.052
Til greiðslu 2020	140.784
Til greiðslu 2021	146.759
Til greiðslu síðar	5.205.327
	<u>5.908.536</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Starfsemi

Sjóðurinn KLS fagfjárfestastjóður var stofnaður 20. febrúar 2013. Markmið sjóðsins er að ávaxta þá fjármuni, sem greiddir eru inn í sjóðinn í staðinn fyrir útgefin hlutdeildarskírteini með því að gefa út skuldabréf og aðra fjármálagerninga. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðslufæði vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út og lánsamnings sem hann hefur gerð.

2. Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningur KLS er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna. Árshlutareikningur sjóðsins er ekki hluti af árshlutareikningi bankans vegna eðlis starfseminnar.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareikninga þurfa stjórnendur í samræmi við lög um ársreikninga að meta og taka ákvarðanir um mikilvæga liði árshlutareikningsins, sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Við matið er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða, sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við neysluverðsvísitölu sem tók gildi í júlíbyrjun 2017. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning viðkomandi sjóðs.

5. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti.

6. Umsýsluþóknun

Sjóðurinn greiðir Stefni hf. umsýsluþóknun, sem innifelur meðal annars eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðsins; laun starfsmanna rekstrarfélagsins, endurskoðun, eftirlitskostnað FME, markaðskostnað og umsýslu. Af þeirri þóknun greiðir Stefni hf. vörsluþóknun til Arion banka hf. Umsýsluþóknunin reiknast sem fast hlutfall 0,15% af meðalstöðu heildareigna sjóðsins (eru þá ekki dregnar skuldbindingar frá eignum sjóðsins).

7. Verðbréf með föstum tekjum

Lánsamningur

Sjóðurinn fjárfesti í verðtryggðum lánsamningum. Í bókhaldi sjóðsins eru lánsamningarnir uppreiknaðir miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum.

8. Reiðufé

Reiðufé samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

9. Aðrar eignir

Til annarra eigna teljast óframkomin og óuppgerð viðskipti. Auk þess færast frávik á mati eigna til lækkunar við gengisútreikning til annarra eigna.

10. Aðrar skuldir

Til annarra skammtímaskulda telst óuppgerður fjármagnstekjuskattur og óframkomin og óuppgerð viðskipti. Auk þess færast frávik á mati eigna til hækkunar við gengisútreikning til annarra skulda.

Skýringar, frh.:

11. Skattamál

Fagfjárfestastjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum teljast til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.